

Brim hf.
Jörgen Sverrisson
Hafnarbyggð 7
690 Vopnafirði

Reykjavík, 20.12.2021
UST202102-421/gf
08.10.02

Varðar reglubundið eftirlit 2021 – fiskimjölsverksmiðja Brim – Vopnafirði

Þann 29.9.2021 fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Brim hf. á Vopnafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engar ábendingar voru gerðar en eitt frávik kom fram í eftirliti. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Rekstraraðili ber að ganga frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum þannig að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Umbúnaður við efnageymslu var ófullnægjandi. Niðurföll í efnageymslu skulu vera lokanleg og lokuð nema undir eftirliti starfsmanns.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7.1.2022.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis